

Föstudaginn 15. febr. 1935.

Nr. 145/1934. **Réttvísinn** (Lárus Fjeldsted)  
 gegn

**Agli Ragnars og Indriða Björnssyni**  
 (Garðar Þorsteinsson).

Tilraun til íkveikju.

*Dómur aukaréttar Siglufjarðar 19. sept 1933:* Ákærðir sæti betrunarhússvinnu, Egill Ragnars í 6 mánuði, Indriði Björnsson í 4 mánuði, en fullnustu refsingarinnar skal frestað og refsingin falla niður eftir 5 ár frá uppsögn dóms þessa nema ákærðir innan þess tíma sæti dómi í opinberu máli til þyngri refsingar en sekta fyrir glæp drýgðan af ásettu ráði.

Svo greiði ákærðir allan kostnað sakarinnar in solidum. Dóminum að fullnægja með aðför að lögum.

#### **Dómur hæstaréttar.**

Það verður að telja sannað, að hinir ákærðu hafi ætlað sér að kveikja í gömlu kirkjunni á Siglufirði nóttina milli 6. og 7. jan. 1933, og að þeir hafi með atferli sínu þá nótt gerzt sekir um tilraun til íkveikju. Varðar verknaður þeirra við 283. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 46. og 48. gr. sömu laga. Með hliðsjón af því að tilraunin var ekki langt á veg komin, og af því, að ákvörðun þeirra um að fremja brotið, sem tekin var og framkvæmd í ölæði, virðizt ekki bera neinn vott um afbrotavilja hjá þeim í venjulegu ástandi þeirra, þykir refsing þeirra hæfilega ákveðin, samkvæmt 47. gr. hegningarlaganna, 4 mánaða fangelsi við venjulegt fangaviðurværi, en fresta skal fullnustu refsingarinnar og niður skal hún falla að 5 árum liðnum um hvorn þeirra um sig, ef hann heldur skilorð laga nr. 39/1907.

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um greiðslu sakar-

kostnaðar í héraði þykir mega staðfesta. Svo greiði hinir ákærðu in solidum allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar á meðal málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, 100 krónur til hvors.

Héraðsdómarinn lauk rannsókn málsins að sinni þann 12. jan. 1933, en svo sést ekki, að hann hafi neitt gert í því fyrr en 11. apríl s. á., er hann sendi dómsmálaráðuneytinu prófin. Þaðan er málið svo afgreitt til héraðsdómarans 26. júlí 1933, en dómur í málinu er upp kveðinn 19. sept. s. á. og áfrýjunarstefna er gefin út fyrst 7. sept. 1934. Verður að telja mikinn óþarfa drátt hafa orðið á málinu með þessum hætti. Það athugast og, að héraðsdómarinn hefir dæmt hina ákærðu til 4 og 6 mánaða betrunarhússvinnu, en óheimilt er að dæma til þeirrar refsingar skemmri tíma en 8 mánuði eftir 12. gr. alm. hegningarlaga.

#### Því dæmist rétt vera :

Hinir ákærðu Egill Ragnars og Indriði Björnsson sæti hvor um sig 4 mánaða fangelsi við venjulegt fangaviðurværi, en fresta skal fullnustu refsingarinnar og niður skal hún falla að 5 árum liðnum hjá hvorum þeirra um sig ef hann heldur skilorð laga nr. 30/1907.

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um greiðslu sakarkostnaðar í héraði á að vera óraskað. Hinir ákærðu greiði in solidum allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti hæstaréttarmálflutningsmannanna Lárus-

ar Fjeldsted og Garðars Þorsteinssonar, 100 krónur til hvors.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er af réttvísinnar hálfu höfðað gegn Agli Ragnars, kaupmanni, og Indriða Björnssyni verzlunarmanni, Siglufirði, fyrir brot á 283. gr. refsilaganna, sbr. 4. kafla þeirra, sem tilraun til ikveikju, svo og til greiðslu sakarkostnaðar.

Málavextir eru þessir:

Aðfaranótt 7. jan. s. l. hittust kærðir í húsi og neyta þar áfengis, er þeir gerast mjög drukknir af, en verða þó eigi af ósjálfbjarga. Við þessa drykkju hefir það borizt í tal af kærðum að gaman væri eða rétt að kveikja í gömlu kirkjunni eða gaman væri að sjá gömlu kirkjuna brenna.

Er sannað í málinu, að kærðir hafa svo farið úr húsi því, er þeir drukku í, og farið niður í verzlunarbúð, tekið þar brúsa, helt oliu í brúsann og farið með hann út að fundarhúsi kommúnista á Siglufirði, er áður hefir verið notað sem kirkja. Þar heldur Egill Ragnars á brúsanum og Indriði Björnsson er þar hjá, en kærðir verða manna varir og fara í burtu með brúsann.

Með þessu verður að telja kærðu hafa gerzt seka um tilraun til ikveikju, Egil Ragnars sem aðalmann, en hinn kærða sem hjálparmann. Að visu kann ölæði þeirra, sem virðist hafa verið á háu stigi, þótt sjálfbjarga væru, að hafa átt nokkurn þátt í að þeir tóku upp á slíku tiltæki, en slíkt getur þó eigi verið næg ástæða til þess að mæla þá undan refsingu, því að réttaröryggið krefst, að líka ölvaðir menn verði að bera ábyrgð gerða sinna. Afbrot kærðu, sem komnir eru á lögaldur sakamann, en fyrr hafa engri ákæru eða refsingu sætt af hálfu réttvísinnar, ber að áliti dómarsans að heimfæra undir 283. gr. refsilaganna, sbr. 4. kafla refsilaganna og 5. kafla að því er meðákærða, Indriða Björnsson, snertir og þykir refsingin með sérstöku tilliti til, hve tilraunin var stutt á veg komin, hæfilega ákveðin fyrir Egil Ragnars 6 mánaða betrunarhússvinnu, fyrir með-

ákærðan Indriða Björnsson 4 mánaða betrunarhússvinna, en fullnustu refsingarinnar skal samkv. lögum 39/1907, sbr. lög 57/1933, frestað og refsingin falla niður eftir 5 ár frá uppsögn dóms þessa nema þeir ákærðu innan þess tíma sæti dómi í opinberu máli til þyngri refsingar en sekta fyrir glæp drýgðan af ásettu ráði.

Svo greiði hinir kærðu in solidum allan kostnað sakarinnar.

Á máli þessu hefir enginn óþarfa dráttur orðið.

Mánudaginn 18. febr. 1935.

Nr. 21/1934. **Lárus Eggertsson, Grímur Eggertsson, Guðjón Guðnason, Fanney Eggertsdóttir og Helga Aðalheiður Eggertsdóttir** (Stefán Jóh. Stefánsson)

gegn

**skiptaráðandanum í Húnavatnssýslu f. h. dánarbús Guðrúnar Grímsdóttur, Gunnari Kristóferssyni fyrir sína hönd og Puríðar dóttur sinnar, og Guðmundi Gunnarssyni**

(Pétur Magnússon).

**Skiptaréttarúrskurður.**

*Tveir úrskurðir skiptaréttar Húnavatnssýslu 21. dez. 1933:* 1) Framkomin mótmæli gegn 10. og 11. skuldalið á réttarskjali nr. 5, verða eigi tekin til greina. Sömu skuldaliðir, kr. 2750.00 og kr. 4469.91, samtals kr. 7219.91 skulu teljast með skuldum búsins.

2) Krafa ekkilsins, Gunnars Kristóferssonar, um að söluandvirði jarðarinnar Valdaráss, kr. 18000 — átján þúsund krónur — skuli talin með skuldum félagsbús hans og látinn konu hans, Guðrúnar Grímsdóttur, skal tekin til greina. Svo skal og tekin til greina og talin með skuldum búsins 2% ársvextir af söluverði jarðarinnar frá 1. júlí 1922 til 10. marz 1933.